

6. gr.

4. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Félagsmálanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Félagsmálanefnd annast störf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt fer félagsmálanefnd með verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 58/1992 og verkefni öldrunarnefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

7. gr.

6. töluliður 56. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Skólanefnd. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Jafnframt fer skólanefnd með verkefni leikskólanefndar samkvæmt lögum nr. 48/1991.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurrepps hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

7. mars 1994

Nr. 105

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið
1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:	7.050 lestir
þ.a. Eldey	600 lestir
þ.a. Arnarfjörður	850 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.500 lestir
þ.a. Húnaflói	1.000 lestir
þ.a. Skagafjörður	400 lestir
þ.a. Skjálfandi	800 lestir
þ.a. Öxarfjörður	900 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 330, 16. ágúst 1993 og reglugerð nr. 449, 27. október 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. mars 1994

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.